

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sparnað ríkisins af boðuðum niðurskurði á heilbrigðisstofnunum samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hversu mikill er nettósparnaður ríkisins af boðuðum niðurskurði fjárframlaga til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni að teknu tilliti til:

- a. greiðslu atvinnuleysisbóta til þeirra sem missa atvinnu vegna niðurskurðarins,
- b. greiðslu biðlaunaréttinda til þeirra sem missa atvinnu vegna niðurskurðarins,
- c. aukins kostnaðar ríkisins við umsýslu við atvinnuleit og atvinnuleysisbætur vegna aukins atvinnuleysis sem af niðurskurðinum leiðir,
- d. kostnaðar við tilflutning sjúkrarýma frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,
- e. kostnaðar við tilflutning sérfræðiþjónustu frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,
- f. kostnaðar við tilflutning endurhæfingar frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,
- g. kostnaðar við auknið sjúkraflug, akstur sjúkrabíla með sjúklinga og ferðir sjúklinga með áætluðum flugi og þyrluflugi víðs vegar af landsbyggðinni til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,
- h. kostnaðar Sjúkratrygginga Íslands vegna aukinna ferða sjúklinga til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri sem óhjákvæmilega fylgja niðurskurðinum,
- i. tekjutaps ríkisins vegna lægri skatttekna sem fylgja uppsögnum heilbrigðisstarfsfólks sem nú starfar á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni,
- j. kostnaðar sem fylgir hækkunum ýmissa bóta, svo sem barnabóta, vaxtabóta o.s.frv., vegna þeirra sem lenda á atvinnuleysisráð vegna niðurskurðarins,
- k. kostnaðar við aukinn snjómokstur sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja þegar halda þarf fjallvegum opnum allan sólarhringinn, allt árið um kring, vegna aukinna sjúkraflutninga landleiðina á milli héraða?

Svar óskast sundurliðað eftir heilbrigðisstofnunum og kostnaðarliðum þeim sem hér að framan getur. Þá verði birtar sérstaklega tölur um aukinn stofnkostnað við húsnæði Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri vegna nýrra sjúkrarýma sem þar verða til söku tilflutnings af heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og tölur um aukinn kostnað í rekstri Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri vegna aukinnar sérfræðiþjónustu og nýrra sjúkrarýma sem þar verða til söku tilflutnings af heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.

**Skriflegt svar óskast.**